

Vörulýsing

ANLEGGSEMENT

CEM I 52,5 N

ANLEGGSEMENT CEM I 52,5 N frá Norcem er sérlega framleitt til mannvirkjagerðar, til notkunar í styrkleikaflokki C40/50 eða hærri, í frostþolnar steypur, og í byggingar þar sem gerðar eru kröfur um háan lokastyrk. ANLEGGSEMENTIÐ er með lágt alkálfínihald og hentar því vel til steypugerðar með alkálívirikum fylliefnum. Sementið hefur mjög góða steypueiginleika, háan byrjunar- og lokastyrk og varmamyndun í meðallagi.

Reynslan sýnir að steypa úr ANLEGGSEMENTI er endingargóð

Norcem ANLEGGSEMENT uppfyllir kröfurnar í ÍST EN 197-1:2011 til Portlandsements CEM I 52,5 N. Upprunavottorð nr.: 1111-DoP-NO11-0413.

Samræmisýfirlýsing nr.: 1111-CPR-0413.

Seinast endurskoðað 2016.

Dreifing og geymsla

Sementið er afgreitt í 20 kg pokum, í stórsekkjum og í lausu. Geyma skal sementið í þurru og þéttu síló, forðast skal raka. Miða skal við að sement geymist ekki lengur en í 6 mánuði. Virkinn af krómatniðurbroti í sementinu er virk í 6 mánuði eftir framleiðsludag, svo framalega að sementið geymist á þurrum og þéttum stað.

Öryggi

Allt sement á að geyma á öruggum stað þar sem börn ná ekki til. Sement er hættulegt berist það í meltingarveg. Berist sement í augu getur það valdið alvarlegum augnskaða. Rakt sement myndar kalsíumhydroxíð sem veldur óþægindum á húð og í öndunarfærum. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Sementsverksmiðjunnar www.sement.is undir flípanum „Sement“.

Tækniupplýsingar

Tæknilegar upplýsingar um viðmiðunargildi er að finna á heimasíðu Sementsverksmiðjunnar www.sement.is undir flípanum „Sement“.


Hörðunarferlið

Hörðunarferlið er grundvallaratriðið við skipulagningu, stýringu og framkvæmd allrar steypuvinnu. Ferlið ræðst af sementstegund, fylliefnum, vatnssementstölu, loftinnihaldi, hörðunaraðstæðum (tíma, hita- og rakastigi) og mögulegri notkun viðbótar- eða íblöndunarefna. **Mynd 1.** sýnir dæmi um þrýsti-hörðunarferli steypublöndu með ANLEGGSEMENTI án íblöndunarefna sem fall af vatnssementstölu og tíma við 20° C.

HÖRDUNARFERLI (án íblöndunarefna)

Mynd 1.

Þrýstipól (MPa)



Upphafsstyrkur


Upphafsstyrkur í steypu er mjög háður hitastigi og notkun íblöndunarefna með seinkunaráhrifum.

Mynd 2. sýnir hörðunarferil steypu með ANLEGGSEMENTI frá Norcem eftir 1 dag með mismunandi vatnssementstölu, með og án flotefna (1 % P- efni). Steypublöndurnar eru útbúnar með mismunandi hitastigi.

UPPHAFSSTYRKUR

Mynd 2.

Prýstjöl (MPa)



Styrkleikaflokkur – Vatnssementstala

Með stýringu við steypuframléiðslu er nauðsynlegt að gera ráð fyrir ca. 7 MPa öryggismörkum við alla styrkleikaflokka til að tryggja nægilegan styrk gagnvart mögulegri mæliskekkju. **Tafla 1.** sýnir eftirfarandi lág- og hámarksgildi ANLEGGSEMENTS frá Norcem og vatnssementstölu styrkleikaflokka steypu án loftíblöndunar.

STYRKLEIKAFLOKKUR – Vatnssementstala

Tafla 1.

Styrkleikaflokkur	C30/37	C35/45	C45/55	C55/67
Vatnssementstala lægsta – hæsta	0,57 - 0,66	0,50 - 0,57	0,43 - 0,50	0,36 - 0,43



SEMENTSVERKSMÍÐJAN

Mánabraut 20, 300 Akranesi, sími 430 5000, sement@sement.is, sement.is